

Klettaborg er staðsett í vesturenda hússins og er í eldri byggingunni. Deildin hefur sér inngang og gengur fólk þá inn í fataklefann.

Deildin dregur nafn sitt af klettunum gegnt deildinni. Okkur hefur verið sagt að þar búi álfar og huldufólk og erum við mjög ánægð með sambýlið við þau. Fyrir framan deildina (garðmegin) er tréfallur með borðum og bekkjum og þar sitjum við oft úti á sumrin í nónhressingunni þegar vel viðrar. Þaðan sjáum við líka yfir í stóra garðinn og blasir þá fánastöngin við okkur með Grænfánanum en á afmælis- og tyllidögum er íslenski fáninn dreginn að húni. Úr garðinum sjáum við Miðgarð og Skipphól en í Skipphól eru útileikföngin geymd sem krakkarnir á Álfasteini, Tröllagili og Birkibóli leika sér með. Á deildinni eru tvö leikherbergi, og gullageymsla, salerni og fataklefi.

Við vinnum aðallega út frá barninu sjálfu og leggjum mikla áherslu á leikinn. Í hópastarfi leggjum við ekki mikið upp úr því að börnin fari með myndverk heim en hvert barn gerir þó að minnsta kosti eitt árstíðarbundið verk. Við kennum börnunum "tákn með tali" og fær hvert barn tákn þegar það byrjar á deildinni. Starfsfólkið á líka sitt tákn. Við erum með könnunarleikinn (leikur með verðlaust efni) og fær hvert barn að fara í hann á u.þ.b. tveggja vikna fresti.

Hóparnir á deildinni eru fjórir og bera allir nöfn sem kennd eru við kletta. Þeir eru: Klettabúar, Klettastrá, Klettamýs og Klettakríli.

Við höfum sérgarð sem hentar vel yngstu börnunum en þau eldri fá stundum að fara í stóra garðinn að leika sér og er það afar vinsælt meðal þeirra. Í garðinum okkar má finna litla trjáþyrpingu sem nefnist í daglegu tali Úlfaskógur og þar finnst okkur gaman að leika og oft tölum við um að úlfar eigi heima þar. Þar má líka finna römbu, rólu og sandkassa og einnig nokkra smákletta sem við notum oft sem einhvers konar farartæki, t.d. bíl eða skip. Þegar við erum inni gerum við ýmislegt okkur til skemmtunar, eins og að púsla, kubba, lita, klippa, líma, syngja, lesa og skoða bækur og margt fleira. Svo lærum við líka að starfa í hópi, að taka tillit til annarra og að deila leikföngum með öðrum og það er sko ekki alltaf auðvelt!

Svanga Manga má finna inni á deild hjá okkur en í hann fara matarafgangar sem við skiljum eftir á diskunum okkar. Reyndar á Svangi Mangi alltaf að vera svangur, eins og nafnið gefur til kynna, en hann fær nú alltaf eitthvað í gogginn hjá okkur daglega. Við erum líka mjög dugleg að skola fernur sem við förum svo með í fernugám svo hægt sé að búa til nýjan pappír úr þeim.

Okkur finnst mjög gaman þegar mamma og pabbi gefa sér tíma til að stoppa og fylgjast með því sem við erum að gera, þess vegna erum við með heitt á könnunni alla miðvikudagsmorgna frá og með áramótum.

Svona er lífið á Klettaborg!